



Sýn hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar til 31. mars 2024



viðir



BYLGJAN
989



já



Sýn hf. | Suðurlandsbraut 8 | 108 Reykjavík | kt. 470905-1740

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Fjárhagslegar lykiltölur	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar við samandreginn árshlutareikning	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Sýn hf. er alhliða félag á sviði fjarskipta- og fjölmiðlastarfsemi. Félagið rekur marga af öflugustu fjölmiðlum landsins eins og Stöð 2, Stöð 2+, Stöð 2 Sport, Vísi, Bylgjuna, FM957, Xið og fleiri landsþekktu miðla. Félagið veitir einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta- og upplýsingatækniþjónustu undir vörumerkjum Vodafone á Íslandi ásamt dótturfélagunum Endor ehf. og Já hf. (dótturfélag Eignarhaldsfélagsins Njálu ehf.). Félagið á í fjölþættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Sýnar hf. og dótturfélaga þess (Endor ehf. og Eignarhaldssfélagið Njálu ehf.) ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Rekstur fjórðungsins

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 5.934 millj. kr. samanborið við 5.860 millj. kr. á sama tímabili árið 2023. Tap af rekstri samstæðunnar á tímabilinu nam 153 millj. kr. samanborið við 213 millj. kr. hagnað á sama tímabili árið 2023. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 34.042 millj. kr. í lok tímabilsins. Eigið fé samstæðunnar nam 10.053 millj. kr. og var eiginfjárlutfallið 29,5%.

Kaup á eigin bréfum

Þann 9. nóvember 2023 hófst endurkaupaáætlun sem lauk 16. febrúar 2024. Á fjórðungnum keypti félagið 1.598.815 hluti fyrir 76 millj. kr. Þann 11. apríl var hlutaféð lækkað í samræmi við fjölda eigin hluta og voru útgefnir hlutar í félaginu 247.648.960 eftir lækkunina. Skráning hjá Nasdaq á útgefnu hlutafé verður uppfærð í samræmi á 2. ársfjórðungi.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðu Sýnar hf. í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. mars 2024 ásamt rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2024.

Stjórn og forstjóri Sýnar hf. hafa í dag fjallað um samandreginn árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2024 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. maí 2024

Stjórn

Hákon Stefánsson, stjórnarformaður

Rannveig Eir Einarsdóttir, varaformaður

Petrea Ingileif Guðmundsdóttir

Páll Gíslason

Ragnar Páll Dyer

Forstjóri

Herdís Dröfn Fjeldsted

Fjárhagslegar lykiltölur

	2024 1F	2023 1F
Fjárhagsupplýsingar		
Heildartekjur	5.934	5.860
Rekstrarhagnaður (EBIT)	119	428
EBITDA tímabilsins	1.379	1.497
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(200)	218
(Tap) hagnaður tímabilsins	(153)	213
(Tap) hagnaður á hlut	(0,62)	0,79
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum	443	559
Fjárfestingar í sýningarrétti	500	561
Frjálst fjárflæði (FCF)	269	53
Handbært fé frá rekstri	893	921
	31.3.	31.12.
	2024	2023
Hreinar vaxtaberandi skuldir*	18.765	18.596

*Viðskiptakrafa vegna sölu á stofnneti er ekki færð til lækkunar á hreinum vaxtaberandi skuldum.

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 31. mars 2024

	Skýr.	2024 1F	2023 1F
Seldar vörur og þjónusta	5	5.934	5.860
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	6	(4.082)	(3.791)
Framlegð		1.852	2.069
Rekstrarkostnaður	7	(1.733)	(1.641)
Rekstrarhagnaður		119	428
Fjármunatekjur		16	19
Fjármagnsgjöld		(340)	(275)
Gengismunur		5	46
Hrein fjármagnsgjöld		(319)	(210)
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt		(200)	218
Tekjuskattur		46	(5)
(Tap) hagnaður tímabilsins		(153)	213
<i>Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé:</i>			
Þýðingarmunur		(5)	(17)
Heildarafkoma tímabilsins		(158)	196
(Tap) hagnaður á hlut		(0,62)	0,79

Skýringar á bls. 9-11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.

Efnahagsreikningur

31. mars 2024

	Skýr.	31.3.2024	31.12.2023
Fastafjármunir			
Leigueignir		8.089	8.420
Rekstrarfjármunir		3.212	3.290
Viðskiptavild		9.094	9.097
Aðrar óefnislegar eignir		5.099	4.976
Langtímaleigukröfur		137	141
Eignahlutir í félögum		174	174
Fastafjármunir samtals		25.806	26.098
Veltufjármunir			
Sýningarréttir		2.020	2.008
Birgðir		557	628
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	9	5.600	5.576
Handbært fé		58	624
Veltufjármunir samtals		8.235	8.837
Eignir samtals		34.042	34.935
Eigið fé			
Hlutfé		2.477	2.493
Yfirverðsreikningur hlutfjár		542	602
Annað eigið fé		326	274
Óráðstafað eigið fé		6.710	6.920
Eigið fé		10.053	10.288
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		4.377	4.461
Leiguskuldbindingar		11.823	11.964
Tekjuskattskuldbinding		108	152
Langtímaskuldir samtals		16.308	16.577
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		1.838	1.779
Leiguskuldbindingar		784	1.016
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	10	5.058	5.275
Skammtímaskuldir samtals		7.680	8.069
Skuldir samtals		23.988	24.646
Eigið fé og skuldir samtals		34.042	34.935

Skýringar á bls. 9-11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 31. mars 2024

	Hlutfé	Yfirverð	Annað eigið fé			Eigið fé samtals
			Þýðingarmunur	Bundinn reikningur	Óráðstafað eigið fé	
1.1. til 31.3.2023						
Eigið fé 1.1.2023	2.668	806	50	79	5.866	9.469
Hagnaður tímabilsins	-	-	-	-	213	213
Þýðingarmunur	-	-	(17)	-	-	(17)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	(17)	0	213	196
Keypt eigin bréf	(158)	(772)	0	0	0	(930)
Hagn.dóttur fél. umfram arðgr.	0	0	0	16	(16)	0
Ákvarðaður arður	0	0	0	0	(281)	(281)
Eigið fé 31.3.2023	2.510	34	33	95	5.782	8.454

1.1. til 31.3.2024

Eigið fé 1.1.2024	2.493	602	48	226	6.920	10.288
Tap tímabilsins	-	-	-	-	(153)	(153)
Þýðingarmunur	-	-	(5)	-	-	(5)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	(5)	0	(153)	(158)
Keypt eigin bréf	(16)	(60)	-	-	-	(76)
Hagn.dóttur fél. umfram arðgr.	-	-	-	57	(57)	0
Eigið fé 31.3.2024	2.477	542	43	283	6.710	10.053

Á fjórðungnum keypti félagið 1.598.815 hluti fyrir 76 millj. kr. Fyrir átti félagið 1.753.979 hluti. Á aðalfundi félagsins þann 11. apríl var samþykkt að lækka hlutfé í samræmi við fjölda eigin hluta Eftir lok tímabilsins, þann 11. apríl, var hlutféð lækkað í samræmi við fjölda eigin hluta og eru útgefnir hlutir í félaginu 247.648.960 eftir lækkunina. Skráning hjá Nasdaq á útgefnu hlutfé verður uppfærð í samræmi á 2. ársfjórðungi.

Skýringar á bls. 9-11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.

Sjóðstreymisýfirlit

1. janúar til 31. mars 2024

	Skýr.	2024 1F	2023 1F
(Tap) hagnaður tímabilisins samkvæmt rekstrarreikningi		(153)	213
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	1.259	1.068
Hrein fjármagnsgjöld		319	210
Tekjuskattur		(46)	5
Veltufé frá rekstri		1.379	1.496
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, breyting		71	(262)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting		(29)	359
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting		(209)	(420)
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		1.213	1.173
Innborgaðar vaxtatekjur		16	19
Greidd vaxtagjöld		(336)	(271)
Handbært fé frá rekstri		893	921
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		(107)	(312)
Fjárfesting í óefnislegum eignum		(336)	(247)
Fjárfesting í sýningarrétti		(500)	(561)
Fjárfestingahreyfingar samtals		(943)	(1.120)
Fjármögnunarahreyfingar			
Afborganir vaxtaberandi skulda		(84)	(132)
Rekstrarlán, breyting		58	120
Afborgun leiguskuldbindinga		(412)	(317)
Keypt eigin bréf		(76)	(930)
Fjármögnunarahreyfingar samtals		(514)	(1.259)
Breyting á handbæru fé		(564)	(1.458)
Handbært fé í byrjun tímabils		624	2.063
Gengisbreyting á handbæru fé og þýðingarmunur		(2)	(1)
Handbært fé í lok tímabilsins		58	603

Skýringar á bls. 9-11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.

Skýringar

1. Félagið

Sýn hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík. Sýn hf. veitir einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta-, fjölmiðla, og tækniþjónustu í gegnum vörumerkin Vodafone, Stöð 2, Stöð 2+, Stöð 2 Sport, Vísi, Bylgjuna, FM957, X 977, Já og dótturfélagið Endor ehf. Félagið á í fjölþættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims. Samandreginn árs hlutareikningur samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2024 hefur að geyma árs hlutareikning félagsins, dótturfélaga þess, Endor ehf. og Eignarhaldsfélagsins Njálu ehf., ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“.

2. Reikningsskilin

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Árs hlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árs hlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árs hlutareikninga skráðra félaga. Árs hlutareikningur samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2024 hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Árs hlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og lágu til grundvallar við gerð ársreikningsins 2023. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2023. Hægt er að nálgast ársreikning Sýnar hf. á heimasíðu félagsins www.syn.is. og á vef Kauphallar Íslands, www.nasdaqomxnordic.com.

b. Mat stjórnenda á reikningsskilum

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Samstæðuárshlutareikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er framsetningargjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

4. Starfsþáttayfirlit

Félagið skilgreinir starfsþætti eftir innri upplýsingagjöf til stjórnenda og telst samstæðan í heild vera einn starfsþáttur.

5. Seldar vörur og þjónusta

	2024	2023
	1F	1F
Seldar vörur og þjónusta greinast þannig:		
Vörusala	288	329
Seld þjónusta	5.646	5.531
Seldar vörur og þjónusta samtals	5.934	5.860

	Hýsingar- og rekstrar					Aðrar		
Tekjustrámar	Fjöl- miðlun	Internet	Farsími	Fastlína	lausnir	Vörusala	tekjur	Samtals
1.1. til 31.3.2024								
Tekjur	2.381	1.147	1.062	106	708	288	242	5.934
1.1. til 31.3.2023								
Tekjur	2.165	1.109	1.200	116	702	329	239	5.860

Skýringar, frh.:

6. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu

	2024	2023
	1F	1F
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu greinist þannig:		
Kostnaðarverð seldrar vöru og þjónustu	2.382	2.343
Laun og launatengd gjöld	802	728
Eignfærð laun	(68)	(56)
Afskriftir	966	777
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals	4.082	3.791

7. Rekstrarkostnaður

	2024	2023
	1F	1F
Rekstrarkostnaður greinist þannig:		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	444	394
Sölu- og markaðskostnaður	123	114
Laun og launatengd gjöld	970	918
Eignfærð laun	(100)	(77)
Afskriftir	294	292
Rekstrarkostnaður samtals	1.733	1.641

8. Afskriftir

	2024	2023
	1F	1F
Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:		
Afskriftir rekstrarfjármuna	209	226
Afskriftir óefnislegra eigna	187	179
Afskriftir afnotaréttar	374	334
Afskriftir sýningarréttar	488	329
Afskriftir samtals	1.259	1.068

Endursamningar við birgja hafa áhrif á afskriftir fyrsta fjórðungs 2023 til lækkunar.

9. Viðskiptakröfur

	31.03.2024	31.12.2023
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Viðskiptakröfur	3.661	3.269
Viðskiptakrafa vegna sölu á stofneti	1.570	2.000
Aðrar skammtímakröfur	397	333
Leigukröfur	28	28
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(55)	(53)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	5.600	5.576

Skýringar, frh.:

10. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	31.03.2024	31.12.2023
Viðskiptaskuldir	2.615	3.261
Ógreiddur virðisaukaskattur	517	251
Fyrirfram innheimtar tekjur	536	591
Ógreiddur áfallinn kostnaður og aðrar skammtímaskuldir	1.389	1.173
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	5.058	5.275

11. Önnur mál

Sýn hf. („félagið“) á í málarekstri við einstaklinga, önnur félög og eftirlitsstofnanir í íslenskum fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði. Félagið færir skuldbindingar og/eða kröfur vegna málarekstur þegar hægt er að meta framtíðar greiðslur og ávinning með áþreifanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurði, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið. Einnig kann félagið að eignast dæmdar kröfur á hendur þriðju aðilum, sbr. mál E-2362-2020 að neðan. Hér að neðan er gerð grein fyrir málum sem fengu framgang á fyrsta ársfjórðungi 2024. Um málarekstur Sýnar hf. að öðru leyti vísast í ársreikning vegna rekstrarársins 2023.

Síminn gegn Fjarskiptastofu, Sýn hf. og Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., og gagnsök

Í héraðsdómsmáli nr. E-3251/2018 gerði stefnandi, Síminn hf., kröfu um að ákvörðun Fjarskiptastofu nr. 10/2018 yrði felld úr gildi í heild sinni, en til vara að 6. tl. ákvörðunarinnar, um álagningu stjórnvaldssektar á Símann hf., yrði felldur úr gildi eða sektarfjárhæðin lækkuð. Ágreiningur málsins lýtur að túlkun á ákvæði 5. mgr. 45. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 og hvort Síminn hf. hafi brotið gegn ákvæðinu með því að bjóða eingöngu upp á efnisveitu sína til þeirra sem keyptu fjarskiptaþjónustu hjá samstæðu Símans hf., með það að markmiði að ná viðskiptavinum í fjarskiptaþjónustu. Dómur var upphaflega kveðinn upp í héraði 1. júlí 2020. Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 50/2022 frá 31. maí 2023 voru sá dómur, og dómur Landsréttar í máli nr. 438/2020 frá 24. júní 2022, ómerktil og málinu vísað aftur heim í hérað til löglegrar meðferðar. Dómur féll að nýju í héraðsdómi 1. febrúar 2024 þar sem dómkröfum Símans var hafnað að öðru leyti en því að felldur var úr gildi 6. tl. ákv. Fjarskiptastofu nr. 10/2018 um stjórnvaldssekt á hendur Símanum að upphæð 9.000.000 króna. Málskostnaður var felldur niður. Nú liggur fyrir að málinu var ekki áfrýjað og þar með er genginn endanlegur dómur um að Síminn gerðist brotlegur við 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga. Skapar sá dómur sakargrundvöll fyrir bótaskyldu Símans, sbr. hér að neðan.

Skaðabótakröfur gegn Símanum hf.

Í máli nr. E-2362/2020 hefur félagið gert skaðabótakröfu á hendur Símanum hf. vegna fjártjóns sem Síminn hf. olli félaginu í tengslum við brot gegn 5. mgr. 45. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 vegna tímabilsins 1. okt. 2015 til 1. des. 2017. Byggir félagið á því að brot Símans hf. gegn framangreindu lagaákvæði hafi skilað Símanum hf. miklum ávinningi í formi aukinna fjarskiptaviðskipta og valdið félaginu samsvarandi tjóni. Háttsemi Símans hf. hafi verið saknæm og ólögmet og tjón félagsins sé sennileg afleiðing hennar. Dómkrafa í málinu byggir á matsgerð dómkvaddra matsmanna, dags. 17. mars 2020, sbr. matsmál nr. M-2957/2019. Aðalkrafa félagsins er um greiðslu á 125.084.713 krónum auk vaxta og dráttarvaxta, 1. varakrafa um greiðslu á 100.067.773 krónum auk vaxta og dráttarvaxta, 2. varakrafa um greiðslu á 75.050.829 krónum auk vaxta og dráttarvaxta og 3. varakrafa um greiðslu bóta að álitum skv. mati dómsins auk dráttarvaxta, allt eins og nánar er rakið í stefnu málsins. Þá er gerð krafa um málskostnað úr hendi Símans hf. Síminn hf. krafðist sýknu og málskostnaðar úr hendi félagsins. Þá var gerð krafa um málskostnað úr hendi Símans. Síminn krafðist sýknu og málskostnaðar úr hendi félagsins. Dómur féll í héraði 19. feb. 2024 þar sem fallist var á þriðju varakröfu Sýnar í málinu og Símanum var gert að greiða félaginu 16.597.626 krónur auk dráttarvaxta frá 7. apríl 2020 til greiðsludags vegna ólögmetra og saknæmra markaðsaðgerða. Þá var Símanum gert að greiða Sýn 3.500.000 krónur í málskostnað. Félagið hefur áfrýjað málinu til Landsréttar og gerir kröfur um hærri bótafjárhæð.

Í árshlutareikningi fyrsta ársfjórðungs 2024 var tekjufærsla sem nam 29 millj. kr., þar af voru dráttarvextir 9 millj. kr., vegna niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu E-2362/2020, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að ofan.